

2I.tbl.

29. maí. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Auglýsing frá yfirkjörstjórn Þingeyjarsveitar vegna forsetakosninga sem fram fara þann 1. júní 2024

Kjörstaður í Þingeyjarsveit við forsetakosningarnar þann 1. júní nk. er í **Félagsheimilinu Breiðumýri** og verður opinn frá **kl. 10:00 til kl. 22.00**.

Áréttað er að einn kjörstaður er í Þingeyjarsveit við þessar kosningar.

Á kjördag, meðan atkvæðagreiðsla stendur yfir, mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur sitt á kjörstað í Félagsheimilinu Breiðumýri. Sími yfirkjörstjórnar á kjördag er 898 9846 og tölvupóstfangið kjorstjorn@thingeyjarsveit.is

Vakin er athygli á að allar upplýsingar um forsetakosningar 2024 er hægt að finna á veffanginu kosning.is og að kjörskrá í Þingeyjarsveit vegna forsetakjörs liggur frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar í Kjarna til kjördags.

Yfirkjörstjórn Þingeyjarsveitar

Ragnar Bjarnason

Bjarni Höskuldsson

Jóhanna Njálisdóttir



Þingeyjarsveit

Auglýsing um skipulag – Þingeyjarsveit

Málsnúmer One System: 2402069

Dagsetning: 23. maí 2024

Goðafoss og umhverfi - deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 16. maí 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu Goðafoss og umhverfis í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið breytingarinnar er að skapa örugga reiðvegatengingu frá gömlu brúnni vestan við Skjálfandafljót og upp með bökkum árinna vestan megin sem skarast ekki á við ferðir almennings og ferðafólks á svæðinu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma sem er til 10. júlí 2024. Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt, mál nr. 290/2024 og skal athugasemdum skilað í gegnum gáttina.

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar

Messa með fermingu á Einarstöðum



Messa með fermingu verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag, 2. júní klukkan 14:00

Verið öll velkomin.
Séra Þorgrímur.

Kinnar- og Víknafjöll með mínum augum

Nú er komin út önnur fjallabók mín og heitir hún Kinnar- og Víknafjöll með mínum augum. Titill bókarinnar er lýsandi fyrir innihald hennar því nú segi ég á persónulegum nótum frá ferðum mínum á umrædd fjöll auk nokkurra annarra á Flateyjardal og í neðanverðum Fnjóskadal. Framsetning hverrar ferðar er sem nokkurskonar ferðadagbók með texta, ljósmyndum og kortum.

Í sömu mund kom út önnur prentun af bókinni Fjöllin í Grýtubakkahreppi en hún hefur verið ófáanleg allengis. Veita báðar þessar bækur nokkurskonar heildarsýn á fjallendi skagans á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda inn undir Ljósavatnsskarð og Víkurskarð.

Í bókunum báðum er að finna ítarlega leiðarlýsingu á gönguleiðinni umhverfis skagann, frá Grenivík norður Látrastrónd, í Keflavík, Fjörður, austur á Flateyjardal, í Náttfaravíkur og inn í Kinn auk fleiri leiðarlýsinga. GPS ferlar, GPS punktar og QR kóði eru til stuðnings.

Föstudaginn 31. maí kl. 20:00 ætla ég að halda útgáfuhóf á neðri hæð Grenivíkurskóla. Þar mun ég trúlega segja eitthvað frá þessum fjallaverkefnum mínum og sýna fáeinar myndir. Á boðstólum verða bækurnar á kynningarverði. Betri bókabúðir munu síðan hafa bækurnar til sölu.

Ef það hvarflar að ykkur að þess virði sé að mæta á þessa samkomu þá eru þið hjartanlega velkomin.

*Hlaska til að sjá ykkur
Hermann frá Hvarfi*



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.- m.vsk
heilsíðuauglýsing kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

Endilega sendið á mig orðsendingu á hlaupastelpan2024@gmail.com
ef þið viljið fá Hlaupastelpuna í tölvupósti

Skólaslit Þingeyjarskóla

Skólaslit grunnskóla- og tónlistardeildar Þingeyjarskóla
verða í Ýdölum föstudaginn 31. maí kl. 16:30.

Allir velkomnir.



1. JÚNÍ - 30. JÚNÍ 2024

VERIÐ VELKOMIN Á
OPNUN SÝNINGAR
MÖRTU FLORCZYK
IN THE SHADOW • Í SKUGGANUM

- Myndlistarsalurinn-
Safnahúsinu á Húsavík
Laugardaginn 1. júní kl. 15

Verið öll velkomin!

Léttar veitingar í boði



SAFNHÚSIÐ
HÚSAVIK MUSEUM
MINNVALANDIÐ ER VINDYRRA